



Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó bs.
Borgarstjórinn í Reykjavík
Bæjarstjórar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogsbæjar,
Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar

Reykjavík 24. janúar 2022

Efni: Hækkun Strætó bs. á gjaldi fyrir ungmennakort

Þann 3. desember á síðasta ári, sendi umboðsmaður barna bréf til framkvæmdastjóra og stjórnar Strætó bs., vegna nýrrar gjaldskrár, en samkvæmt henni hækkaði gjald fyrir árskort ungmenna verulega, eða úr 25.000 kr. í 40.000 kr., en hækkunin nemur um 60%. Á sama tíma voru gjöld fyrir mánaðarkort fullorðinna notenda þjónustu Strætó bs. lækkuð

Í bréfi umboðsmanns er vísað til þess sem fram kemur í eigendastefnu Strætó bs., um að „Þjónustusýn Strætó bs. byggist á því að íbúar kjósi að komast leiðar sinnar með strætó vegna þess að það sé hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri kostur en að nota einkabíl.” Að mati umboðsmanns barna vekur umrædd hækkun upp áleitnar spurningar um það hvort Strætó bs. ætli sér að ná fram áður nefndum markmiðum um fjölgun notenda úr þeim hópi sem hefur val um aðra samgöngumáta, með því að lækka gjöld fyrir þann hóp og fjármagna þá lækkun með hækkun á gjöldum fyrir hópinn sem ekki hefur val um að nota einkabíl, þ.e. ungmenni á aldrinum 12 til 17 ára.

Í bréfi sínu áréttar umboðsmaður skyldur sveitarfélaga sem opinberra aðila, um að virða og innleiða ákvæði Barnasáttmálans, en meðal þess sem sáttmálinn gerir kröfu um, er að allar ákvarðanir sem varða börn, byggi á því sem þeim er fyrir bestu, að undangengnu mati á bestu hagsmunum þeirra og áhrifum þeirrar ákvörðunar sem til stendur að taka hverju sinni. Þá vísaði umboðsmaður einnig til annarrar meginreglu Barnasáttmálans, sem gerir kröfu um að öll börn fái notið réttinda sáttmálans, án mismununar af nokkru tagi, eða tillits til félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða foreldra þeirra.

Með vísan til framangreinds, óskaði umboðsmaður barna eftir upplýsingum stjórnar og framkvæmdastjóra Strætó bs. um það, hvernig umrædd hækkun samræmist bestu hagsmunum barna á höfuðborgarsvæðinu. Einnig óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum um það hvort og þá með hvaða hætti, mat hafi verið lagt á áhrif þessarar ákvörðunar á þau börn sem ljóst er að hækkunin snertir hvað mest, þ.e. börn sem búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður. Loks óskaði umboðsmaður eftir skýringum stjórnar Strætó bs. á því hvernig stjórnarmenn, sem sæti

eiga sem fulltrúar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, rökstyðja umrædda hækkun á nauðsynlegri þjónustu við börn, í sveitarfélögum sem hafa lýst því yfir að vera barnvæn, og hafa ýmist fengið formlega viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög, eða eru í slíku ferli, að undanskilinni Reykjavík.

Umboðsmanni barst svarbréf framkvæmdastjóra Strætó bs., þann 8. janúar sl. Þar kemur fram að breytingar á gjaldskránni hafi þjónað þeim tilgangi að einfalda hana, auka gegnsæi og sveigjanleika, og í þeirri vinnu hafi verið horft til sambærilegra gjaldskráa í höfuðborgum annarra Norðurlanda. Þá tilgreinir Strætó bs., að við gjaldskrárbreytingar komi upp „jaðartilvik“ þar sem kostnaður fjölskyldna vegna almenningsgangna hækki, en að mati Strætó séu þau tilvik fá. Þá segir í bréfinu að Strætó bs., muni taka reglulega til skoðunar og umræðu þá möguleika sem uppi eru vegna þeirra hópa sem lenda í „jaðartilvikum“ þar sem breytingar á gjaldskrá Strætó hafa þýtt umtalsverða hækkun, eins og systkinaafsláttur og hækkun aldursviðmiða.

Umboðsmaður vill sérstaklega árétta að samkvæmt upplýsingum sem umboðsmaður barna aflaði hjá Hagstofu Íslands, eru 30.569 fjölskyldur með börn á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim er tæplega helmingur fjölskyldna með a.m.k. eitt barn í aldurshópnum 12-17 ára eða 14.088 fjölskyldur og fer því fjarri að um örfá jaðartilvik séu að ræða. Jafnframt má geta þess að í þessum hópi eru 3.215 fjölskyldur með tvö eða fleiri ungmenni og þar af eru 699 einstæðir foreldrar. Til umboðsmanns barna hafa leitað þó nokkrar fjölskyldur og greint frá því að umræddar gjaldskrárhækkanir hafi haft töluverð áhrif á fjárhag þeirra en í dæmaskyni fylgja hér á eftir útreikningar á kostnaðarauka tveggja fjölskyldna með ungmenni sem nýta sér þjónustu strætó.

Dæmi 1

Einstæður faðir sem er öryrki og er faðir tveggja ungmenna, greiddi fyrir umrædda breytingu 50.000 krónur á ári, en hefur ekki lengur tök á því að greiða fyrir árskort unglínganna, sem í dag kosta 80.000 krónur. Um er að ræða töluverða skerðingu á lífsgæðum unglínganna, enda ekki til einkabíll á heimilinu.

Dæmi 2

Hjón með fjögur ungmenni á heimilinu þurftu fyrir umrædda breytingu að greiða 100.000 krónur á ári, til að sjá til þess að unglíngarnir sem m.a. ganga í framhaldsskóla í öðru sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu, komist í og úr skóla og í tómsundur, þurfa nú að greiða 160.000 krónur á ári, fyrir sams konar kort.

Þannig er ljóst að hækkunin er raunverulega til þess fallin að auka á erfiðleika fjölskyldna og draga úr tækifærum ungmenna til náms, tómsunda og félagslegra samskipta. Hér skal sérstaklega á það bent að það er m.a. viðfangsefni sveitarfélaga að styðja við þau börn sem þar eiga lögheimili. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, er m.a. fjallað um skyldu sveitarfélaga til að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa. Þar kemur einnig fram að þeim markmiðum eigi að ná með því að bæta lífsskjör þeirra sem standa höllum fæti og tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna. Einnig er þar tilgreint að

sveitarfélögum beri að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál og fram kemur að þegar börn og fjölskyldur þeirra eigi í hlut skuli framfylgja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í bréfi sínu vísar Strætó bs., til þess að fyrirtækið telji eðlilegt að hluti kostnaðar við almenningssamgöngur, sem ekki sé lögbundin skylda sveitarfélaga, sé greiddur af notendum þjónustunnar. Hvað varðar þá röksemd Strætó bs., skal tekið fram, að umboðsmaður barna gerir ekki athugasemd við það að ungmenni greiði að einhverju leyti fyrir almenningssamgöngur sem þau nýta, heldur var í bréfinu gerð athugasemd við það að á sama tíma og gjaldskrá fyrir ungmenni er hækkuð, er hún lækkuð fyrir fullorðna. Þá breytir það engu hvort um lögbundið verkefni sveitarfélaga er að ræða, því samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans ber opinberum aðilum að leggja mat á áhrif allra ákvarðana á börn, áður en þær koma til framkvæmda, og ber jafnframt að tryggja að þær ákvarðanir séu ekki til þess fallnar að mismuna tilteknum hópum barna eða gera stöðu þeirra lakari.

Í bréfi Strætó bs. er ekki að finna svör við þeim spurningum sem settar voru fram í bréfi umboðsmanns barna. Þeirri spurningu hvernig framkvæmdastjóri og stjórn Strætó bs. telji umrædda hækkun samræmast bestu hagsmunum barna á höfuðborgarsvæðinu er því ósvarað. Þá er í bréfinu ekki heldur að finna svör við þeirri spurningu, hvort og með hvaða hætti, mat hafi verið lagt á áhrif þessarar ákvörðunar á þau börn sem ljóst er að hækkunin snerti hvað mest, þ.e. börn sem búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður. Þá hafa umboðsmanni ekki borist svör frá stjórnarmönnum Strætó bs. um það hvernig stjórnarmenn, fulltrúar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem hafa lýst því yfir að vera barnvæn, rökstyðja umrædda hækkun á nauðsynlegri þjónustu fyrir börn.

Umboðsmaður barna ítrekar því ósk sína um upplýsingar og skýringar en viðtakendur bréfsins eru auk stjórnar og framkvæmdastjóra Strætó bs., borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar, Kópavogsbæjar og Seltjarnarnesbæjar. Þá skal sérstaklega á það bent, að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu og unnið að því að stjórnvöld taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, á öllum sviðum samfélagsins.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna